



Uppgjör 3F 2025



31. október 2025

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason

- **Starfsemin á 3F**
- Í brennidepli – Lyfja
- Uppgjör 3F 2025
- Staða og horfur


Helstu niðurstöður á 3F 2025

Vörusala

47,1 ma.kr.

+6,4% milli ára

50 ma.kr.




Framlegðarstig

25,6%

+1,1 p.p. milli ára

30%




Laun/Framlegð af vörusölu

43,3%

-1,3 p.p. milli ára

50%




EBITDA

5,3 ma.kr.

+12,2% milli ára

6,0 ma.kr.




EBITDA/Framlegð af vörusölu

44,1%

+0,3 p.p. milli ára

50%




Handbært fé frá rekstri

6,7 ma.kr.

+43,5% milli ára


7,0 ma.kr.





Helstu atriði uppgjörs

- Rekstur félagsins gekk vel á þriðja ársfjórðungi og var niðurstaðan umfram áætlanir.
- Vörusala fjórðungsins jókst um 6,4% og framlegð af vörusölu um 11,3%.
- EBITDA fjórðungsins hækkar um 12,2% milli ára.
- Sjóðsstreymið mjög sterkt. Handbært fé frá rekstri 6,7 ma.kr.
- Niðurstaðan 3F2025 staðfestir stöðugan rekstur og áframhaldandi sókn félaga Festi, hvert á sínum markaði.

Fjöldi viðskiptavina og sala á öðrum ársfjórðungi eykst milli ára




Aukning í innlendri og erlendri kortaveltu



2024 2025

Sala á Malik, endurkaupaáætlun og kælivöruhús



24% hlutur Festi í Malik Supply seldur fyrir 1,1 ma.kr.

- Um miðjan október var seldur 24% eignarhlutur félagsins í Malik Supply A/S í Danmörku fyrir um 1,1 ma. kr.
- Söluhagnaður að fjárhæð um 0,2 ma. kr. verður færður vegna þessa á 4F 2025 meðal fjármagnsliða.



Kaupum samkvæmt endurkaupaáætlunar lokið


- Kaupum samkvæmt endurkaupaáætlunar sem hófst þann 30. júní sl. er nú lokið. Festi keypti samtals 2.500.000 eigin hluti fyrir 754.454.984 kr. og á í dag 2.746.226 hluti sem samsvarar 0,88% af hlutafé félagsins.



Glæsilegt kælivöruhús opnar í Bakkanum Q1 2026

- Bakkinn útvíkkar starfsemi sína með tilkomu nýs kælivöruhúss í núverandi húsnæði sem tekið verður í notkun á fyrsta ársfjórðungi 2026.
- Þannig verður ferskvara Krónunnar hýst innan samstæðu sem skilar betri nýtingu á húsnæði Bakkans, aukinni skilvirkni, samlegð og gæðum.

ELKO: Hápunktur á 3F 2025



Vefverslun styrkist áfram

- **Hlutfall vefverslunar** af sölu eykst enn og var **25,4%** á 3F á móti 25,0% í fyrra.
- Nýir eiginleikar virkjaðir á tímabilinu og áframhaldandi þróun framundan.



Nýjung! ELKO snjallgreiðslur

- **ELKO býður nú upp á nýja fjármögnunarleið: ELKO Snjallgreiðslur til viðskiptavina á elko.is**
- Boðið er upp á:
 - 30 daga greiðslufrest án kostnaðar.
 - Vaxtalaus lán til 2-12 mánaða.
 - Neytendalán til 13-36 mánaða.



Stafrænn ráðgjafi með spunagreind

- ELKO mun brátt kynna stafrænan ráðgjafa til leiks á elko.is.
- Ráðgjafinn nýtir spunagreind (e. Generative AI) og vöruupplýsingar ELKO til að ráðleggja viðskiptavinum.
- Síar og býr til vörulista út frá þarfagreiningu og getur aðstoðað við uppsetningu tækja.



Áframhaldandi markaðssókn

- Velta ELKO jókst um 8% m.v. sama tímabil í fyrra.
- Í fyrra voru Lindir með skerta þjónustu vegna framkvæmda.
- Skv. Meniga jókst hlutdeild ELKO um 4,9% á meðan raftækjamarkaður minnkaði um -4,6%.

1

Val á vöru og greiðsluleið: ELKO Snjallgreiðslur

Setja í körfu

Setja í samanburð

Deila

Óskalisti

Til á lager

Vefverslun

Fá eintök

Lindir

Uppseitt

Skeifan, Grandi, Flugstöð, Akureyri

12 afborganir

7.100 KR./mán.

ELKO

eða frestaðu greiðslu í 30 daga. [Skoða](#)

Í 12 mánuði. 0,00% vextir, 2.272 kr. lántökugjald og 599 kr./greiðslu. Álls: 85.196 kr. ÁHK: 24,15%.

Veldu greiðsluleið

Borga með greiðslukorti

VISA

ELKO snjallgreiðslur

2

Samningur, heimild og áreiðanleikakönnun

Til baka í afhendingarmáta

Veldu greiðsluleið

Borga með greiðslukorti

ELKO snjallgreiðslur

SAMÞYKKJA

Skiðmál hafa verið uppfærð

Skiðmál hér að neðan

Skiðmál

SÍÐA 1 AF 10

1. Aðmenni

1.1 Skiðmál þessi gilda um lán sem ELKO ehf. kt. 561000-3280. Skarflögðum 2. 104 Reykjavík (ELKO ehf. "Lánveitandi") veitir til viðskiptavina sinna samkvæmt lögum nr. 33/2013 um neytlendán til kaupa á vörum úr verslunum ELKO (ELKO lán).

1.2 Með því að óska eftir ELKO láni, samþykka og kanna sér skilmála þessa og undirrita lánsamning við ELKO tekið kominn á samningur á milli viðskiptavinar og ELKO. Skiðmál þessi ásamt almennum skilmálum ELKO og lánsamningi aðla teki í sér heildersamning ELKO og viðskiptavinar. Stærsti áhræði þessara skilmála á við áhræði lánsamnings skulu hin síðarnefndu áhræði ganga framar þessum skilmálum.

1.3 Um veitingu ELKO lána gilda lög nr. 33/2013 um neytlendán.

1.4 Lánveitandi erú lánveitandi lánsamningi og á stöðluðu upplýsingaveyðublaði samkvæmt 7. gr. laga nr. 33/2013 um neytlendán.

1.5 Skiðmál þessi eins og þeir eru hverju sinni eru birtir á [www.elko.is](#).

2. Heildarlántökukostnaður og árleng hlutfallsta kostnaður

2.1 Með heildarlántökukostnaði er átt við allan kostnað, þ.m.t. vextir og verðbætur eins og við getur átt, þóttun, skatta og önnur gjöld sem viðskiptavinur þarf að greiða í tengslum við lánsamning og ELKO er kunnugi um við samningið.

2.2 Til viðbætur við heildarlántökukostnað getur ELKO krafist viðskiptavinar um kostnað sem ELKO verður fyrir vegna þess að viðskiptavinur stendur ekki, m.a. kostnað vegna innheimtubætur og annars innheimtubætur.

2.3 Heildarlánshæð sem viðskiptavinur skal greiða nemur samtölu heildarlánshæð láns og heildarlántökukostnaðar viðskiptavinar.

2.4 Árleng hlutfallsta kostnaður er heildarlántökukostnaður, lýst sem árleng hundraðshluta af heildarlánshæð lánsins sem veitt er og reiknað út í samræmi við 21. gr. laga nr. 33/2013 um neytlendán. Árleng hlutfallsta kostnaður birtist í [skilmálum](#).

Áreiðanleikakönnun

850.000 KR.

SAMÞYKKT

Nú getur þú gengið frá kaupunum.

Loka

3

Greiðslufrestur eða greiðsludreifing

Borga með greiðslukorti

VISA

Veldu greiðsluleið

Borga með greiðslukorti

VISA

ELKO snjallgreiðslur

Greiðsludreifing

Greiðslufrestur

12 AFBORGANIR × 7.100 KR./mán.

Verð með lántökugjaldi

78.008 kr.

L. Vöruverð

75.736 kr.

L. Lántökugjald

2.272 kr.

Annar kostnaður

7.188 kr.

L. Afborgunargjald

200 kr./greiðslu

L. Greiðslugjald

399 kr./greiðslu

L. Vextir

0,00%

Fyrsti gjalddagi

01/12/2025

ÁHK

24,15%

Heildarverð

85.196 KR.

Kaup eru staðfest með rafrænum skilríkjum - [Skilmálur](#)

Krónan: Hápunktur á 3F 2025



Fleiri afgreiðslur og seld stykki

- Fjöldi afgreiðslna í verslunum jókst um 6,4%
- Fjöldi afgreiðslna í snjallverslun jókst um 22%
- Fjöldi seldra stykkja jókst um 8,4%



Vöxtur Snjallverslunar

- Velta Snjallverslunar jókst um rúm 30% á 3F milli ára.
- Aukin sókn í fyrirtækjaviðskiptum með nýrri og vandaðri lausn sem er sérsniðin að þörfum fyrirtækja og stofnana.



Vel heppnuð opnun nýrrar verslunar á Fitjabraut

- Krónan Fitjabraut opnaði í nýju verslunarhúsnæði við Fitjabraut í Reykjanesbæ við frábærar móttökur viðskiptavina.
- Verslunarrýmið við Fitjabraut er um 2.400 fermetrar og stærsta matvöruverslun Suðurnesja.



Krónan mun opna nýja verslun á Höfn

- Krónan mun opna 1.500 fermetra verslun á Höfn í Hornafirði á næsta ári.
- Þetta verður 27. verslun Krónunnar og sú tíunda sem er staðsett á landsbyggðinni.




N1: Hápunktar á 3F 2025



Stöðin mín – nú einnig hraðhleðsla

- Hraðhleðsla nú í boði í Stöðinni minni – þjónusta þar sem viðskiptavinir geta valið N1 stöð sem veitir þeim alltaf lægsta verðið.
- **Jákvæð viðbrögð markaðarins** og nýir viðskiptavinir stöðugt að bætast í hópinn.



Aukin appnotkun

- **Mikil aukning notenda síðustu mánuði** – stöðugt á topp listum Apple/Android.
- **Dældu í appinu hefur fengið frábærar móttökur** og 40% notenda dældu með appinu í október.
- Nú hægt að skrá kílómetrastöðu rafmagnsbíla beint í N1 appinu.



Uppfærslur á þjónustustöðvum

- Aukin innleiðing á sjálfsafgreiðslu á þjónustustöðvum.
- Framkvæmdir við nýja fjölorku- og þjónustustöð á Akranesi hafnar.
- Uppfærsla á ytra útliti þjónustustöðva hófst í sumar og heldur áfram á nýju ári.

Lyfja: Hápunktar á 3F 2025



Ný þjónusta í Lyfju appinu!

- **September** var **stærsti mánuður** í veltu frá upphafi.
- Stafræn sálfræðiþjónusta er nýjung í Lyfju appinu þar sem viðskiptavinir geta fengið frítt stöðumat strax, eða fjarsamtal við faglærða sálfræðinga innan tveggja vikna.



Lyfjaróbot á Smáratorgi

- Fyrsti lyfjaróbotinn tekinn í notkun hjá Lyfju Smáratorgi.
- Markmiðið að auka skilvirkni og efla þjónustu við viðskiptavini.



Áherslur sem skila árangri

- Augnheilsan í áherslu, **22% söluaukning** í vörum.
- Sókn á stækkandi markhópa með ráðgjöf tengt þyngdarstjórnunar-lyfjum og lyfjafræðilega ráðgjöf á pólsku, úkraínsku og spænsku.
- Lyfja hefur sölu á **Blue Lagoon vörum**, fyrsti útsölastaður utan eigin verslana Blue Lagoon.




Áfram hugað að ánægju viðskiptavina

- Meðmælaskor Lyfju hækkar um 28 punkta milli fjórðunga en í takt við síðasta ár.
- Lyfja Reyðarfirði hefur lokið umbreytingu í takt við stefnu og vegferð Lyfju.
- Unnið að umbreytingu á Neskaupstað og Egilsstöðum í uppfært útlit.

- Starfsemin á 3F
- **Í brennidepli – Lyfja**
- Uppgjör 3F 2025
- Staða og horfur

Samlegð Lyfju farin að birtast í tölunum okkar

Árleg samlegð af rekstrarþáttum, millj.kr.



- ♦ Á aðalfundi Festi í ágúst 2023 þegar kaupin á Lyfju voru lögð til samþykktar gerðum við ráð fyrir 200-400 millj.kr. árlegum samlegðaráhrifum.
- ♦ Raunin eftir fyrsta árið eru 250 millj.kr. en enn á eftir að fullnýta tækifærin sem liggja fyrir næstu ár og gefa þá allt að 600 millj.kr. árlega samlegð.

Eitt og eitt félag í brennidepli á fjárfestakynningum Lyfja

– Karen Ósk Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Lyfju, kynnir



Hlutdeildarfélög

BAKKINN
vöruhótel

Bakkinn rekur tvö vöruhús, í Skarfa-görðum og Kletta-görðum, sem sér-hæfa sig í vöruhýs-ingu, pökkun, vöru-merkingu, afgreiðslu og dreifingu á vörum fyrir viðskiptavinum.

ELKO

ELKO er stærsta raf-tækjaverslun lands-ins með fimm versl-anir ásamt einni stærstu vefverslun landsins.

KRÓNAN

Krónan er lágvöruverðsverslun sem rekur 26 verslanir um land allt auk Snjallverslunar.

LYFJA

Lyfja starfrækir 44 apótek og útibú allan hringinn í kringum landið auk vefverslunar og apps.

N1

N1 rekur 29 þjónustustöðvar og 68 eldsneytis-afgreiðslur um land allt ásamt bílaþjónustu og verslunum.

Yrkir

Yrkir er fasteignafélag Festi og rekur og þróar eignir og lóðir í eignasafninu. Tæpir 100 þúsund fermetrar af atvinnuhúsnæði í eigu eða rekstri félagsins.



EAK ehf.

ebk ehf.

dropp

**ICELANDIC
FOOD
COMPANY**

VÍNPORTIÐ

HEILSA

Heilsuhúsið


**ÍSEY
SKYR**




45 STAÐSETningar UM ALLT LAND




ALDURSSAMSETNING ÍSLENDINGA



VIÐ LIFUM LENGUR ... EN VIÐ LIFUM VERR



McKinsey



- Vikulega deyja 15 Íslendingar af völdum hegðunartengdra áhættupátta
- **45% Íslendinga**, 18 ára og eldri, telja mataræði sitt hollt
- **55% Íslendinga**, 18 ára og eldri, sofa oftast eða alltaf nóg

FRAMTÍÐARSÝN
**AÐ LENGJA LÍF
OG AUKA
LÍFSGÆÐI**



HEILSU HÚSIÐ ÞITT

LYF EN LÍKA VELLÍÐAN
FYRIR LÍKAMA OG HUGA

HEILDRÆNAR LAUSNIR
ÞAR SEM ÞÚ ÞARFT ÞÆR

ÞINN FERÐAFÉLAGI
Í ÁTT AÐ BETRI HEILSU




VEGFERÐIN OKKAR

LYFJU APPIÐ ER APP ÁRSINS

Lyfseðilsskyld lyf frítt heim
alla daga frá 10–22.

Takk fyrir okkur SVEF



LYFJA



HREIN VARA
Í LYFJU

Vara sem þú getur treyst,
vara sem við mælum með
af heilum hug



Lyfjaróbot á Smáratorgi



LYFJA


SÁLFRAEÐI- ÞJÓNUSTA Í LYFJU APPINU

Líttu inn á við, hugaðu
að þér, fyrir þig.

NÝTT Í LYFJU
APPINU




Í HVAÐA LYFJAVERSLUN EÐA APÓTEKI VERSLAR ÞÚ OFTAST?



VIRÐISSKAPANDI VÖXTUR

VELTA



FYRSTA VAL

Viðskiptavina og starfsfólks






MEIRA EN APÓTEK

Styrkja stöðu á markaði og þróa nýrar tekjustoðir



STERKAR STOÐIR

Eignarhald og dótturfélag
Lyfju, staðsetningar



LYFJULIÐIÐ ❤️

**HEILBRIGÐI
SNÝST UM
VELLÍÐAN**




- Starfsemin á 3F
- Í brennidepli – Lyfja
- **Uppgjör 3F 2025**
- Staða og horfur


Rekstur 3. ársfjórðungs 2025

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	47.093	44.257	2.836	6,4%
Framlegð af vörusölu	12.057	10.829	1.228	11,3%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	545	588	(43)	-7,3%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(5.225)	(4.826)	(399)	8,3%
Annar rekstrarkostnaður	(2.057)	(1.850)	(207)	11,2%
EBITDA	5.319	4.741	579	12,2%
Hagnaður tímabilsins	2.651	2.232	419	18,8%
Önnur heildarafkoma samtals	(54)	23	(77)	-337,2%
Heildarafkoma tímabilsins	2.597	2.255	342	15,1%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	44,1%	43,8%	+0,3 p.p.	0,8%
Laun/framlegð af vörusölu	43,3%	44,6%	-1,2 p.p.	-2,8%
Hagnaður á hlut	8,52	7,30	1,22	16,8%

EBITDA/framlegð (12m undirliggjandi)




Arðsemi eigin fjár (12m undirliggjandi)




- ♦ **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 2,8 ma.kr. eða 6,4% á milli ára en 9,1% án áhrifa gengis og HMF eldsneytis
- ♦ **Framlegð af vörusölu** nam 12,1 ma.kr. Aukningin nam 1,2 ma.kr. eða 11,3% á milli ára.
- ♦ **Framlegðarstig** nam 25,6%, hækkar um 1,1 p.p. milli ára en 0,5 p.p. án áhrifa gengis og HMF eldsneytis.
- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 5,2 ma.kr., hækkun um 0,4 ma.kr. eða 8,3% milli ára.
- ♦ **Stöðugildin** voru 1.756 á fjórðungnum, aukning um 26 eða 1,4% á milli ára.
- ♦ **Annar rekstrarkostnaður** hækkar um 0,2 ma.kr. eða 11,2% milli ára.
- ♦ **EBITDA** nam 5,3 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi 2025, hækkun um 0,6 ma.kr. eða 12,2% milli ára.
- ♦ **Heildarafkoma** nam 2,6 ma.kr. sem er hækkun um 0,4 ma. kr. milli ára.

Framlegð af vörusölu á 3F

Framlegð af vörusölu





- ♦ **Aukin vörusala** í öllum vöruflokkum nema eldsneyti og rafmagni frá fyrra ári.
- ♦ **Heildarframlegð** nam 12,1 ma.kr. og eykst um 11,3% frá fyrra ári.
- ♦ **Framlegðarhlutfallið á 3F 2025 var 25,6%**, hækkar um 1,1 p.p. frá síðasta ári en hækkunin væri 0,5 p.p. ef gengi og heimsmarkaðsverð olíu væri sama.
- ♦ **Framlegðarstig hækkar** í öllum vöruflokkum nema dagvöru og lyfseðilsskyldum- og lausasölulyfjum.
- ♦ **Framlegð af dagvöru í krónum** eykst um 9,6% frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagni** eykst um 17,0%, **raftækjum** eykst um 14,6% milli ára, **lyfseðilsskyldum- og lausasölulyfjum** eykst um 2,5% og **öðrum vörum** eykst um 9,3% milli ára.



Laun og starfsmannakostnaður á 3F 2025

Laun og starfsmannakostnaður 3F 2024	4.826
Stöðugildi - breyting	68
Samningsbundnar launahækkunarir	230
Breyting í starfsmannakostnaði	-29
Kaupréttir	-8
Aðrar breytingar	138
Laun og starfsmannakostnaður 3F 2025	5.225

- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 5,2 ma.kr. og hækkar um 0,4 ma.kr. eða 8,3% á milli ára.
- ♦ **Stöðugildum fjölgar um 26 milli ára eða 1,4%.** Mikill fókus á aukna sjálfvirkni með tæknilausnum og skilvirkni í störfum.
- ♦ **Meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkar um 7,7%** milli ára. Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana 230 millj. kr. (4,8% hækkun 1. jan 25).
- ♦ **Í heildina þá nemur hækkunin milli ára 6,8%** án áhrifa aukningar í stöðugildum.



ELKO - Helstu niðurstöður á 3F 2025



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvogin 2025



Framúrskarandi
fyrirtæki 2025

- Tekjur námu 5,2 ma.kr., aukning um 367 m.kr. eða 7,6% á milli ára.
- Framlegðarstig hækkar um 1,1 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og 1,7 p.p. milli ára.
- EBITDA nam 565 m.kr. sem er aukning um 101 m.kr. eða 21,8% á milli ára.
- Hagnaður nam 283 m.kr. sem er hækkun um 72 m.kr. eða 34,2% milli ára.

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	5.221	4.853	367	7,6%
Heildargjöld	(4.656)	(4.389)	(266)	6,1%
EBITDA	565	464	101	21,8%
EBITDA-hlutfall	10,8%	9,6%	+1,3 p.p.	13,2%
EBIT	385	306	79	26,0%
EBIT-hlutfall	7,4%	6,3%	+1,1 p.p.	17,1%
Hagnaður	283	211	72	34,2%



Krónan - Helstu niðurstöður á 3F 2025



Matvöruverslanir



Sjálfbærniásinn í
annað sinn



Ánægðustu viðskiptavinir
á matvörumarkaði

- Tekjur 21,2 ma.kr., hækkun um 2,2 ma.kr. eða 11,9% á milli ára.
- Sami fjöldi verslana, ný stærri verslun í Reykjanesbæ og fleiri staðir opna í Snjallverslun milli ára.
- Framlegðarstig hækkar um 0,1 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en er óbreytt milli ára.
- EBITDA 1,8 ma.kr., sem er hækkun um 188 m.kr eða 11,6% á milli ára.
- Hagnaður nam 905 m.kr. sem er hækkun um 140 m.kr. eða 18,3% á milli ára.

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	21.059	18.822	2.238	11,9%
Heildargjöld	(19.242)	(17.193)	(2.049)	11,9%
EBITDA	1.817	1.629	188	11,6%
EBITDA-hlutfall	8,6%	8,7%	-0,0 p.p.	-0,3%
EBIT	1.198	1.032	166	16,0%
EBIT-hlutfall	5,7%	5,5%	+0,2 p.p.	3,7%
Hagnaður	905	765	140	18,3%



Lyfja - Helstu niðurstöður á 3F 2025



Apótek og útibú



Jafnvægisvögin 2025



Framúrskarandi
fyrirtæki 2025

- Tekjur 5,1 ma.kr., aukning um 0,1 ma.kr. eða 2,6% á milli ára.
- Framlegðarstig lækkar um 1,3 p.p. milli ára og lækkar um 0,7 p.p. frá síðasta fjórðungi.
- Einskiptiskostnaður að fjárhæð 35 millj. kr. koma inn á fjórðunginn í ár.
- EBITDA 464 millj. kr. sem er lækkun um 9 m.kr. eða 2,0% á milli ára.
- Afskrift yfirverðs 74 millj. kr. vegna kaupanna á Lyfju er ekki í samanburðartölum.
- Hagnaður nam 127 millj. kr. sem er minnkun um 58 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	5.056	4.930	126	2,6%
Heildargjöld	(4.592)	(4.457)	(135)	3,0%
EBITDA	464	473	(9)	-2,0%
EBITDA-hlutfall	9,2%	9,6%	-0,4 p.p.	-4,4%
EBIT	185	284	(99)	-34,9%
EBIT-hlutfall	3,7%	5,8%	-2,1 p.p.	-36,6%
Hagnaður	127	185	(58)	-31,2%



N1 - Helstu niðurstöður á 3F 2025



Afgreiðslustaðir
eldsneytis



Hjólbarða og
smurverkstæði



Afgreiðslustaðir
rafhleðslu

- Tekjur námu 16,9 ma.kr., aukning um 0,1 ma.kr. milli ára.
- Sala eldsneytis og rafmagns lækkar um 0,2 ma.kr. eða 1,2%. Salan nam 75,4 millj. lítrum sem er 5,2% aukning frá síðasta ári.
- Framlegðarstig N1 hækkar um 3,3 p.p. milli ára. Leiðrétt fyrir áhrifum HMV eldsneytis og gengi gjaldmiðla er hækkunin 1,4 p.p milli ára.
- EBITDA nam 2,5 ma.kr. sem er hækkun um 453 m.kr. eða 21,9% á milli ára.
- Hagnaður á fjórðungnum var 1,3 ma.kr., og hækkar um 414 millj. kr á milli ára.

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	16.935	16.841	94	0,6%
Heildargjöld	(14.409)	(14.768)	359	-2,4%
EBITDA	2.526	2.073	453	21,9%
EBITDA-hlutfall	14,9%	12,3%	+2,6 p.p.	21,2%
EBIT	1.739	1.332	407	30,6%
EBIT-hlutfall	10,3%	7,9%	+2,4 p.p.	29,8%
Hagnaður	1.289	875	414	47,3%



Yrkir - Helstu niðurstöður á 3F 2025

 **84**

Fasteignir í eigu
samstæðunnar

 **99%**

Húsnæðis í útleigu

 **90%**

Eigin not húsnæðis

- Tekjur 1,1 ma.kr., aukning um 47 m.kr. eða 4,3% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna (NOI) nam 952 m.kr. en var 938 m.kr. á 3F 2024, aukning um 1,5%.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu hækkar um 1 p.p. eða upp í 99% í kjölfarið á kaupum á Dalakofanum og Hvaleyrarbraut 3.
- EBITDA nam 894 m.kr. sem er aukning um 1,7% milli ára.
- Gangvirðislækkun nam 28 millj. kr. sem er lækkun um 36 millj. kr. milli ára.
- Tap fjórðungsins nam 44 millj. kr. sem er lækkun um 4 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	1.133	1.086	47	4,3%
Heildargjöld	(239)	(207)	(32)	15,7%
EBITDA	894	879	15	1,7%
EBITDA-hlutfall	78,9%	81,0%	-2,1 p.p.	-2,6%
EBIT	333	380	(47)	-12,3%
EBIT-hlutfall	29,4%	35,0%	-5,6 p.p.	-15,9%
Hagnaður	(44)	(48)	4	-9,1%


Efnahagsreikningur 30.09.2025

Milljónir króna	30.9.2025	31.12.2024	Breyt.	%
Rekstrarfjármunir	42.383	41.217	1.165	2,8%
Óefnislegar eignir	26.042	26.564	(522)	-2,0%
Aðrir fastafjármunir	21.093	20.512	582	2,8%
Fastafjármunir alls	89.517	88.293	1.225	1,4%
Birgðir	14.347	14.118	229	1,6%
Viðskipta- og skammtímakröfur	6.961	8.349	(1.388)	-16,6%
Handbært fé	6.811	4.075	2.736	67,1%
Veltufjármunir alls	28.118	26.542	1.577	5,9%
Eignir samtals	117.636	114.835	2.801	2,4%
Eigið fé	46.097	43.493	2.603	6,0%
Skuldir við lánastofnanir	26.175	29.340	(3.165)	-10,8%
Leiguskuldir	10.315	10.001	313	3,1%
Tekjuskattskuldbinding	8.716	7.764	952	12,3%
Langtímaskuldir alls	45.205	47.105	(1.900)	-4,0%
Skuldir við lánastofnanir	2.124	3.227	(1.103)	-34,2%
Leiguskuldir	1.450	1.388	62	4,5%
Viðskipta- og skammtímaskuldir	22.760	19.621	3.138	16,0%
Skammtímaskuldir alls	26.334	24.236	2.098	8,7%
Skuldir og eigið fé alls	117.636	114.835	2.801	2,4%


Efnahagur stækkar um 2,8 ma. kr. frá áramótum

- ♦ Fjárfest fyrir 4,3 ma. kr. á árinu.
- ♦ Lækkun viðskiptakrafna 1,4 ma. kr.
- ♦ Lækkun vaxtaberandi lána 4,3 ma. kr.
- ♦ Aukning annarra skammtímaskulda 3,1 ma. kr.

Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA (12m undirliggjandi)



Eiginfjárlutfall




Sjóðstreymi samstæðunnar á 3F 2025

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	5.142	3.395	1.747	51,5%
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	5.319	4.741	579	12,2%
Breytingar á rekstrartengdum liðum	2.201	746	1.455	195,0%
Vextir og skattar	(856)	(843)	(13)	1,5%
Handbært fé frá rekstri	6.664	4.643	2.021	43,5%
Fjárfestingar	(1.192)	(1.244)	53	-4,2%
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	25	(4.014)	4.039	100,6%
Fjárfestingarhreyfingar	(1.166)	(5.259)	4.092	-77,8%
Viðskipti við hluthafa	(649)	0	(649)	0,0%
Ný vaxtaberandi lán	0	3.981	(3.981)	-100,0%
Afborganir af vaxtaberandi lánum	(3.186)	(670)	(2.517)	375,8%
Fjármögnunarhreyfingar	(3.835)	3.312	(7.147)	-215,8%
Gengismunur af handbæru fé	6	(27)	33	124,3%
Handbært fé í lok tímabils	6.811	6.064	747	12,3%

Sjóðstreymið gríðarlega sterkt

- ♦ Handbært fé frá rekstri 6,7 ma. kr.
- ♦ Fjárfestingar 1,2 ma. kr.
- ♦ Endurkaup 0,6 ma. kr.
- ♦ Greiddar afborganir vaxtaberandi lána nam 3,2 ma. kr.
- ♦ Handbært fé í lok september nam 6,8 ma. kr.

Viðskipti við hluthafa/hagnaður




*Endurkaup hlutabréfa í Festi kláruðust í október 2025

- Starfsemin á 3F
- Í brennidepli – Lyfja
- Uppgjör 3F 2025
- **Staða og horfur**

Markaðstengdar upplýsingar


Hluthafar (10 stærstu)	%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	14,6
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	10,3
Gildi - lífeyrissjóður	9,5
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	8,7
Stapi lífeyrissjóður	5,5
Almenni lífeyrissjóðurinn	4,7
Birta lífeyrissjóður	4,0
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,2
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,9
Festa - lífeyrissjóður	2,1

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX



Markaðsupplýsingar	30.9.2025	31.12.2024	Breyting
Útistandandi hlutir	310 m.	311 m.	-0,3%
Verð í lok tímabils	302 kr.	284 kr.	6,3%
Markaðsvirði	93.678 m.kr.	88.396 m.kr.	6,0%
Velta 12m	59.454 m.kr.	36.098 m.kr.	64,7%
Fjöldi hluthafa	1.672	1.219	37,2%
Hagnaður á hlut (12M)	16,00	13,13	21,9%

Hagnaður á hlut sl. 12 mánuði (kr. á hlut)



Horfur fyrir árið 2025

Staða og horfur:

- ♦ Gríðarlega góður gangur heilt yfir í rekstri samstæðunnar
- ♦ Horfurnar eru góðar fram á veginn þrátt fyrir óvenju marga óvissuþætti sem nú ríkja í þróun efnhagsmála.
- ♦ Áherslur hafa legið á uppbyggingu lykileininga samstæðunnar og stafræna þróun.
- ♦ Samlegð af innkomu Lyfju í samstæðuna er farinn að skila sér.
- ♦ **Fjárhagsleg staða Festi samstæðunnar er mjög sterk og sameiginleg sýn og markmið þvert á samstæðu skýr.**

Forsendur afkomuspár

- ♦ Verðbólga áætluð 4% út árið.
- ♦ Gert ráð fyrir að áhrif stríðsátaka á vöruframboð verði óveruleg.
- ♦ Gert ráð fyrir lítilsháttar aukningu ferðamanna milli ára
- ♦ Gert ráð fyrir að stýrivextir verði óbreyttir út árið.
- ♦ Sterk staða íslensku krónunnar veikir samkeppnisstöðu landsins. Óvissa um áhrif þess á hagkerfið.

Afkomuspá og fjárfestingaspá Festi

- ♦ EBITDA spá fyrir árið 2025 er hækkuð um 400 millj. kr. og nemur **15.600 – 16.000 millj. kr.**
- ♦ CAPEX spá félagsins fyrir árið 2025 er óbreytt og nemur **5.800 – 6.200 millj. kr.**



Takk fyrir

◆ Fyrirvarar

- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- ◆ Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- ◆ Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupáttá sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- ◆ Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- ◆ Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

